

## AUGLÝSING

### um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

„STARFSREGLUR  
um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr.

Borgarfjarðarprófastsdæmi og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi sameinist. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Vesturlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Eyjafjarðarprófastsdæmi og Þingeyjarprófastsdæmi sameinist. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

3. gr.

Múlaprófastsdæmi og Austfjarðaprófastsdæmi sameinist. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Austurlandsprófastsdæmi.

4. gr.

Prestssetur Bildudals- og Tálknafjarðarprestakalls, Vestfjarðaprófastsdæmi, verði í prestakallinu.

5. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2010. Sameining Múla- og Austfjarðaprófastsdæma öðlast gildi 1. nóvember 2011.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Við sameiningu prófastsdæma samkvæmt starfsreglum þessum fellur skipun viðkomandi prófafa niður 30. nóvember 2010. Biskup Íslands setur prófast í sameinuðu prófastsdæmi til 1. febrúar 2011 og kallar jafnframt eftir tilnefningum. Biskup Íslands skipar prófast í sameinuðu prófastsdæmi frá 1. febrúar 2011. Halda skal héraðsfund í sameinuðu prófastsdæmi eigi síðar en 1. mars 2011.

Við sameiningu Múla- og Austfjarðaprófastsdæma fellur skipun viðkomandi prófafa niður 1. nóvember 2011. Biskup Íslands setur prófast í sameinuðu prófastsdæmi til 1. febrúar 2012 og kallar jafnframt eftir tilnefningum. Biskup Íslands skipar prófast í sameinuðu prófastsdæmi frá 1. febrúar 2012. Halda skal héraðsfund í sameinuðu prófastsdæmi eigi síðar en 1. mars 2012.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 25. nóvember 2010.*

**Pétur Kr. Hafstein**, forseti kirkjuþings.“

*F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,*

**Guðmundur Þór Guðmundsson**, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.